

Nd.

70. Nefndarálit

um frv. til laga um togarakaup ríkisins.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Frumvarp þetta um togarakaup ríkisins er flutt af ríkisstjórninni og er samhljóða bráðabirgðalögum, sem út voru gefin 23. ágúst sl.

Samkvæmt upplýsingum, sem fjárhagsnefnd hefur fengið, hefur ríkisstjórnin nýlega gert samninga um kaup á 28 botnvörpuskipum frá Englandi. Fjárhagsnefndin hefur ekki séð samningana, en í viðtali við nefndina hefur forsætisráðherra skýrt

frá því, að í ágústmánuði í sumar hafi stjórnin gert bráðabirgðasamning um smíði á togurum í Englandi. Samningur sá var gerður fyrir hönd ríkisstjórnarinnar af þriggja manna nefnd, sem stjórnin sendi utan þeirra erinda. Var umsamið verð 72 þúsund sterlingspund fyrir hvern togara allt að 170 fetum á lengd, og skyldu skipin vera svo vel úr garði gerð sem bezt gerist þar í landi.

Eftir að þessi samningur var gerður og leyfi stjórnarvalda í Englandi til smíðanna fengið, skipaði ríkisstjórnin aðra nefnd, fimm manna, til þess að líta yfir verk hinna fyrri sendimanna. Var síðari nefndin skipuð þrem mönnum frá Félagi íslenzkra botnvörpuskipaeigenda, formanni Sjómannafélags Reykjavíkur og einum verkfræðingi. Þessi nefnd lagði til, að gerðar yrðu allmiklar breytingar á togurunum frá því, sem áður var um samið, t. d. að þeir yrðu 175 fet á lengd, vélarafli aukið, olía notuð til gufuvélanna í stað kola og mannaibúðum breytt. Sendi svo ríkisstjórnin enn þrjá menn utan til þess að semja um þessar breytingar, og hækkaði þá verð skipanna um rúmlega 36%, upp í 98 þúsund sterlingspund. Verða það um 2570000.00 ísl. krónur fyrir hvert skip. Nú í októbermánuði var síðan endanlega gengið frá samningum um kaup á 28 togurum fyrir þetta verð, þó þannig, að verðið getur tekið breytingum í samræmi við kaupjaldsbreytingar og verðbreytingar á smíðaeftni í Englandi.

Af þessum 28 skipum eiga 8—10 að vera fullsmíðuð á árinu 1946, en hin fyrir 1. okt. 1947. Greiðsluskilmálar eru þannig, að 20% af kaupverðinu á að greiða nú þegar, en eftirstöðvarnar smám saman, eftir því sem smíðinni miðar áfram.

Eins og áður segir, hefur fjárhagsnefndin ekki séð samningana um togarakaupin. Nefndarmönnum er því ekki kunnugt um það, hvað kann að vanta af nauðsynlegum tækjum og útbúnaði til skipanna, þegar seljendur hafa uppfyllt samningana. Skal hér engu spáð um það, hvað skipin muni kosta fullbúin til veiða.

Í 1. gr. frv. er gert ráð fyrir, að togararnir verði seldir einstaklingum, félögum eða bæjar- og sveitarfélögum. Þó að tveir mánuðir séu liðnir frá útgáfu bráðabirgðalaganna, hefur ríkisstjórnin ekki enn gert neina samninga um sölu á skipunum. Minni hl. fjárhagsnefndar telur, að ríkisstjórnin hefði átt að tryggja sér kaupendur að skipunum, áður en lokið var samningum um smíði þeirra, en það mun hafa verið um miðjan þennan mánuð, enda hefði þá fjöldi skipanna verið ákveðinn eftir því, hvað kaupendur fengust að mörgum skipum. Þetta hefði vafalaust verið framkvæmanlegt.

Eftir beiðni fjárhagsnefndar hefur nýbyggingarráð sent henni lista yfir „umsækjendur um botnvörpuskip“. Listi þessi lítur þannig út:

Kveldúlfur h.f.	1 skip
Ó. Jóhannesson & Co., Patreksfirði	1 —
Geir Thorsteinsson, Reykjavík	1 —
Einar Þorgilsson & Co. h.f., Hafnarfirði	1 —
Fylkir h.f., Reykjavík	1 —
Bæjarstjórn Vestmannaeyja	1—2 —
Bæjarstjórn Seyðisfjarðar	1 —
Oddur Helgason, Reykjavík	1—2 —
H.f. Venus, Hafnarfirði	1 —
H.f. Grimur, Friðrik Þórðarson	1 —
Axel Ketilsson & Soffía Jóhannesdóttir, Ísafirði	1 —
Tómas M. Guðjónsson, Vestmannaeyjum	1 —
Alliance h.f., Reykjavík	1 —
Mjólnir h.f., Reykjavík	1 —
H.f. Júpiter, Hafnarfirði	1 —
H.f. Marz, Hafnarfirði	1 —
H.f. Vifill, Hafnarfirði	1 —
Bæjarútgerð Hafnarfjarðar	2 —
Bæjarstjórn Neskaupstaðar	1 —
Forseti bæjarstjórnar og formaður atvinnumálanefndar Ísafjarðar ..	2 —

Sviði h.f., Hafnarfirði	1 skip
Árni Ketilbjarnarson, Stykkishólmi	1 —
H.f. Max Pemberton, Reykjavík	1 —
Bæjarstjórn Ólafsfjarðar	1 —
H.f. Helgafell	1 —
Ólafur Lárusson, Keflavík	1 —
Keflavík h.f. (Huxley Ólafsson)	1 —
Hrafnaflóki h.f. (Ásg. G. Stefánsson)	1 —
Bæjarstjórinn á Akranesi	1 —
Hreppsnefnd Eskifjarðar	1 —
Stefán S. Franklín, Keflavík	1 —
H.f. Sæfell, Vestmannaeyjum	1—2 —
Bæjarstjórn Akureyrarbæjar	2 —
Lúðvik Jósefsson, v. Vigfúsar Guttormssonar o. fl., Norðfirði	1 —
Bæjarstjórn Siglufjarðar	1 —
Pétur Ottesen, v. Viðis, Akranesi	1 —
Hreppsnefnd Stykkishólms	1 —

Flestar þessar umsóknir eru frá því snemma í júlímánuði þ. á. og þá upphaflega sendar til ríkisstjórnarinnar í tilefni af tilkynningu hennar um, að leyfi mundi fást til smíða á nokkrum togurum í Bretlandi fyrir Íslendinga. Í umsóknunum felast engar skuldbindingar um að kaupa þá togara, sem ríkisstjórnin hefur samið um að kaupa, og engar upplýsingar eru þar heldur um fjárhagslega möguleika viðkomandi aðila til skipakaupa.

Þess má geta varðandi þetta mál, að með bréfi til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 10. júlí sl., bar borgarstjórinn í Reykjavík fram þá kröfu bæjarstjórnarinnar, að úthlutað yrði til útgerðarfyrirtækja í bænum $\frac{2}{3}$ af þeim smíðaleyfum fyrir 13—16 togurum, sem þá var talið, að mundu fást í Englandi og Svíþjóð. Í bréfi borgarstjórnarinnar var enn fremur tilkynnt, að ef ekki kæmu svo margar umsóknir um togara frá útgerðarfyrirtækjum í Reykjavík, að þetta hlutfall fengist, þá hefði bæjarráð og bæjarstjórn samþykkt á fundum 9. og 10. júlí, „að bærinn kaupi sjálfur þann togarafjölda, sem þarf, til þess að umrætt hlutfall náist, og í því falli verði skipasmíðastöðvar, teikningar og annað varðandi smíðina háð samþykki bæjarins“.

Með öðru bréfi borgarstjórnarinnar í Reykjavík til atvinnumálaráðuneytisins, dags. 25. sept. sl., er ítrekuð krafa um, að $\frac{2}{3}$ hlutum smíðaleyfanna fyrir 30 togurum verði úthlutað til útgerðarfyrirtækja í Reykjavík eða Reykjavíkurbæjar og þeim tilmælum beint til ríkisstjórnarinnar, „að svo verði frá úthlutun umræddra togara gengið, að ekki færri en 20 þeirra verði smíðaðir fyrir útgerðarfyrirtæki hér í bæ eða Reykjavíkurbæ, ef svo ber undir, og eru ítrekaðar yfirlýsingar um, að bæjarstjórn ábyrgist gagnvart ríkisstjórninni kaup þess togarafjölda, sem hér er óskað eftir“.

Í bréfi þessu segir enn fremur:

„Fyrirvari um, að smíðastöðvar, teikningar og annað varðandi smíðina verði háð samþykki bæjaryfirvaldanna er og ítrekaður.“

Af þessum yfirlýsingum bæjarstjórnar Reykjavíkur lítur út fyrir, að ríkisstjórnin geti selt í Reykjavík tvo af hverjum þrem togurum, sem hún hefur samið um að kaupa, ef bæjarstjórnin hefur fyrir sitt leyti samþykkt skipasmíðasamningana. En samkvæmt umsóknalistanum frá nýbyggingarráði, sem birtur er hér að framan, hafa útgerðarfyrirtæki í Reykjavík sent umsóknir um 8—9 togara, þó án nokkurra skuldbindinga um kaup. Má því búast við, að það komi í hlut bæjarsjóðs Reykjavíkur að kaupa marga togara, ef ríkisstjórnin tekur kröfur bæjarstjórnarinnar til greina við úthlutun skipanna. Engar upplýsingar liggja fyrir um greiðslumöguleika Reykjavíkurbæjar, en ósennilegt verður að teljast, að bæjarstjórnin hafi gefið áður nefndar skuldbindingar um togarakaup án þess að hafa umráð yfir því fjármagni, sem þarf til kaupanna.

Eins og málum þessum er nú komið, leggur minni hl. nefndarinnar áherzlu á, að nú þegar verði hafnir samningar við væntanlega kaupendur um sölu skipanna og fullnægjandi tryggingar fengnar hjá þeim fyrir greiðslu á kaupverðinu á þeim gjalddögum, sem ákveðnir eru í samningi ríkisstjórnarinnar. Minni hl. flytur því breytingartillögu við frv. um, að kaupendur skuli fyrir 1. des. næstk. borga þann hluta af verði skipanna, sem á að greiða fyrir fram, og setja fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu eftirstöðvanna.

Samkv. 2. gr. frv. er ríkisstjórninni heimilt að taka allt að 60 millj. kr. lán til togarakaupanna. Þar sem hér er lagt til, að ríkisstjórnin geri samninga um sölu á skipunum innan skamms og kaupendur þeirra borgi verð skipanna á þeim gjalddögum, sem ákveðnir eru í samningunum, er hér einnig flutt tillaga um, að lántökuheimildin verði lækkuð úr 60 í 25 millj. króna. Engin þörf virðist fyrir viðtækari lánsheimild til ríkisstjórnarinnar vegna þessara framkvæmda, ef nú þegar verður gerð gangskör að því að selja skipin, eins og hér er lagt til og sjálfsagt er.

Samkvæmt þessu ber ég fram við frv. þessar

BREYTINGARTILLÖGUR:

1. Við 1. gr.: Við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:
Fyrir 1. des. 1945 skulu væntanlegir kaupendur skipanna borga einn fimmta hluta af umsömdu verði þeirra og setja fullnægjandi tryggingar fyrir greiðslu á eftirstöðvum af kostnaðarverði skipanna á þeim gjalddögum, sem um hefur verið samið af ríkisstjórninni.
2. Við 2. gr.: Í stað „60 millj. króna“ komi: 25 millj. króna.

Alþingi, 27. okt. 1945.

Skúli Guðmundsson.